

Um prófið

Í prófinu eru 4 verkefni og nemendur fá 60 mínútur til að leysa prófið

Prófið er tekið í rafræna prófakerfinu Inspira.

Háskóli Íslands útvegar þátttakendum tölvur til að taka prófið.

Verkefni 1 – para saman

Lestu texta a)-e). Lestu svo persónulýsingarnar og merktu við tækifærið sem hentar hverri persónu.

a)

Stúdentaskipti í háskóla

Erasmus+ skiptinám er í boði á háskólastigi og eru einungis greidd skólagjöld í heimaskólann á Íslandi. Erasmus+ felur í sér ferða- og uppihaldsstyrk en einnig er í boði að sækja um aukastyrk vegna fötlunar eða heilsufars, og fyrir fólk með börn á framfæri. Skiptinámsdvöl getur verið 3-12 mánuðir en nýlega hefur einnig verið boðið upp á styttri dvalir. Skiptinám er metið inn í námsgráðuna og á því ekki að verða til þess að námsferill lengist. Það er ekkert aldurstakmark, einungis skilyrði að vera í háskólanámi. Hægt er að dvelja úti í allt að 12 mánuði á hverju námsstigi. Einnig er hægt að sækja um starfsþjálfun á Erasmus+ styrk, bæði á meðan náminu stendur og eftir að því lýkur. Þá þarf umsóknin að berast fyrir útskrift. Alþjóðaskrifstofur háskólanna veita upplýsingar og taka á móti umsóknum um skiptinám.

b)

Starfsnám í framhaldsskólum

Nemendur í starfstengdu námi eða í listnámi á framhaldsskólastigi geta farið til Evrópu á Erasmus+ styrk í starfsnám. Áður en farið er út þarf að klára 1 ár af náminu heima. Gerður er skiptisamningur við skóla erlendis eða vinnustað sem tekur á móti nemandanum. Nemandi getur sjálfur fundið vinnustað, t.d. á www.erasmusintern.org, haft samband beint eða athugað hjá alþjóðafulltrúum síns framhaldsskóla hvort samningur hafi verið gerður við sérstaka vinnuveitendur áður. Í boði er ferða- og uppihaldsstyrkur Erasmus+ en dvölin getur verið allt frá 2 vikum til 12 mánaða. Starfsnámið er metið inn í námsgráðuna og á ekki að verða til þess að námsferill lengist. Hægt er að fara allt að einu ári eftir útskrift og getur fólk á öllum aldri sótt um Erasmus+ styrk.

c)

Gestakennsla og starfsþjálfun

Kennarar við íslenska háskóla geta sótt um Erasmus+ styrki til að sinna gestakennslu hjá samstarfsháskóla í tvo til fjórtán daga. Annað starfsfólk háskóla getur sótt starfsþjálfun erlendis, s.s. með þátttöku á fagtengdum námskeiðum eða vinnustofum, starfskynningum (job shadowing) eða skipulögðum heimsóknum til samstarfsháskóla. Háskólar geta einnig boðið fulltrúum fyrirtækja í öðrum þátttökulöndum að sinna gestakennslu í sínum skóla.

d)

Samfélagsverkefni

Styrkur sem ungt fólk getur sótt um til að framkvæma verkefni sem hafa áhrif á nærsamfélag þeirra. Hópurinn á bakvið verkefnið þarf að samanstanda af 5 einstaklingum á aldrinum 18-30 ára og hægt er að fá allt að 1 milljón kr í styrk. Þetta er hugsað til að mæta einhverri þörf, efla samkennd, bæta hag hópa eða hafa áhrif á samfélagið á einn eða annan hátt. Á Íslandi hafa samfélagsverkefni European Solidarity Corps verið nýtt t.d. í jafningjafræðslu, leiðtogaþjálfun fyrir ungt fólk, til að hanna app um geðheilsu og ýmislegt fleira.

e)

Sjálfbóðaliðastörf

European Solidarity Corps er sjálfbóðaliðaáætlun Evrópu. Með henni getur ungt fólk á aldrinum 18-30 gerst sjálfbóðaliði í Evrópu í 2-12 mánuði hjá vottuðum samtökum. Einnig er hægt að sækja um að veita mannúðaraðstoð utan Evrópu (aldurstakmark 18-35 ára). Einstaklingar sem þurfa aukinn stuðning eða sveigjanleika til þátttöku geta farið í styttri verkefni (nokkrir dagar upp í nokkrar vikur). Það þarf að skrá sig inn á European Youth Portal til að sjá hvaða verkefni eru í boði hverju sinni. Þetta er tilvalin leið til að gefa af sér, efla sjálfstraust og færni, kynnast nýju fólki og nýrri menningu. Sjálfbóðaliðastörfín eru frábær leið til að búa í nýju landi og öðlast nýja reynslu, óháð fyrri þekkingu og námsstigi.

	a	b	c	d	e
Omar hefur sterkar skoðanir á jafnréttismálum og vill stuðla að félagslegu réttlæti í sínu nærumhverfi. Hann og vinir hans hafa hugmynd að verkefni sem gæti bætt stöðu ungs fólks í hverfinu þeirra. Hann er 24 ára og vill láta gott af sér leiða og hafa raunveruleg áhrif í samfélaginu.	☐	☐	☐	☐	☐
Ragna er í listnámi í menntaskóla og dreymir um að vinna á listasafni eða í leikhúsi einhvers staðar í Evrópu. Hún hefur þegar lokið fyrsta árinu í skólanum og vill nú öðlast starfsreynslu erlendis sem tengist náminu.	☐	☐	☐	☐	☐
Daniel er 25 ára og langar að gera gagn í samfélaginu. Hann er háskólanemi en finnst mikilvægt að víkka sjóndeildarhringinn og læra af því að prófa eitthvað nýtt. Hann vill taka sér hlé frá námi til taka þátt í hjálparstarfi erlendis. Hann langar í áskorun til að sanna sig og öðlast aukið sjálfsöryggi.	☐	☐	☐	☐	☐
Anna er fertug og hefur verið á vinnumarkaði í 18 ár. Í starfi sínu hefur hún komið að fjölbreyttum verkefnum innan kennslu, rannsókna og þróunarstarfs. Hún leggur áherslu á faglega þróun og alþjóðlegt samstarf og vill styrkja stöðu sína í starfi og bæta tengslanet sitt og stofnunar sinnar í Evrópu.	☐	☐	☐	☐	☐
Elías stundar háskólanám í verkfræði og hefur alltaf langað til að upplifa nýtt námsumhverfi erlendis. Hann vill kynnast öðrum nemendum og öðlast nýja sýn á námið sitt. Hann hefur einnig áhuga á að taka hluta af náminu í öðru landi án þess að seinka útskrift.	☐	☐	☐	☐	☐

Verkefni 2 – fjölvalsspurningar

Lestu textann hér fyrir neðan um skynditísku. Veldu svo rétt svar (a-c) við spurningunum.

Skynditíska

Frá árinu 2000 hefur framleiðsla á fötum nær tvöfaldast á sama tíma og þau enda sífellt hraðar í ruslinu. Sökina er að miklu leyti að finna í aukinni áherslu framleiðenda og kaupenda á skynditísku.

Skynditíska felur í sér framleiðslu á ódýrum flíkum í litlum gæðum sem unnar eru með sem minnstum fjárhagslegum tilkostnaði. Þá er umhverfiskostnaðar ekki tekinn inn í verðið. Flestir sjá því lítinn tilgang í því að draga úr kaupum á slíkum varningi. Skynditíska hefur þau áhrif að meðalneysla á textíl á hvern einstakling hefur aukist verulega. Á sama tíma hefur nýtni dregist saman hratt og á heimsvísu dróst meðalfjöldi skipta sem hver flík er notuð saman um fjórðung á árunum 2000-2015, frá um 200 skiptum í 150 skipti áður en hún endar í ruslinu.

Árið 2019 var áætlað að meðal Evrópubúinn kaupi um 26 kg af fatnaði og losi sig við um 11 kg árlega. Hér á landi er hins vegar talið að hver einstaklingur losi sig við um 15-23 kg af textíl árlega, sem er margfalt meira en meðaljarðarbúi.

Þegar textílúrgangur á Íslandi er skoðaður hefur Umhverfisstofnun áætlað að um 60% (14kg/íbúa/ári) sé urðaður með blönduðum úrgangi. Rauði krossinn tekur við um 40% (9kg/íbúa/ári) til endurnotkunar og endurvinnslu. Næstum allur notaður textíll sem safnast á Íslandi er sendur í flokkunarstöðvar erlendis þaðan sem honum er svo dreift til endursöluaðila eða komið í besta mögulega farveg. Til eru farvegir fyrir öll textílefni, ekki einungis heillegar flíkur, og því mikilvægt að neytendur skili öllu inn í sérsöfnun. Þetta á við um lök, götóttar nærbuxur, ofþvegin handklæði og svo mætti lengi telja.

Gæði notaðs textíls sem fluttur er frá Íslandi eru almennt mikil en mikilvægt er að textíl sé skilað hreinum og í lokuðum plastpokum til að hann mengist ekki af öðrum úrgangi.

1. Hvað segir textinn um skynditísku?	
a. Almenningur verður sífellt meðvitaðri um neikvæð áhrif hennar.	☐
b. Umhverfisáhrif hennar eru takmörkuð.	☐
c. Almenningur sér litla ástæðu til að forðast hana.	☐

2. Árið 2015 notuðu jarðarbúar hverja flík að meðaltali ...	
a. 200 sinnum.	☐
b. sjaldnar en árið 2000.	☐
c. oftar en árið 2000.	☐

3. Samkvæmt textanum ...	
a. láta Íslendingar að meðaltali frá sér meiri textíl en aðrir Evrópubúar.	☐
b. kaupa Íslendingar að meðaltali meira af notuðum textíl en aðrir jarðarbúar.	☐
c. endurvinna Íslendingar meira en helming af sínum textíलगangi.	☐

4. Í fjórðu efnisgreininni stendur að notuðum textíl sé „komið í besta mögulega farveg“. Hvað merkir það í þessu samhengi?	
a. Að fundin sé leið til að nýta hann eins vel og mögulegt er.	☐
b. Að honum sé eytt á eins umhverfisvænan hátt og mögulegt er.	☐
c. Að hann sé sendur til þess lands þar sem hægt er að fá mest fyrir hann.	☐

5. Meirihluti notaðs textíls sem safnast á Íslandi ...	
a. er léleg skynditíska.	☐
b. er of skítugur til að hægt sé að nýta hann.	☐
c. er flokkaður í útlöndum.	☐

6. Í textanum er talað um mikilvægi þess ...	
a. að skila öllum textíl til endurvinnslu.	☐
b. að kaupa sér betri föt.	☐
c. að kaupa sér notuð föt.	☐

7. Fyrir hvern er textinn skrifaður?	
a. Fyrir íslenska neytendur.	☐
b. Fyrir starfsfólk endurvinnslustöðva.	☐
c. Fyrir nemendur í fatahönnun.	☐

Verkefni 3 – eyðufylling – málsgreinar

Lestu textann. Í textann vantar 5 málsgreinar. Lestu málsgreinarnar fyrir neðan textann. Dragðu málsgreinarnar í eyðurnar sem þær passa í. Ein málsgrein passar hvergi.

Hvenær fóru Íslendingar að drekka kaffi?

Talið er að kaffitréð eigi sér uppruna í Eþíópíu í héraði sem nefnist Kaffa. Jurtin barst frá Afríku til Arabíu á 15. öld en þar er talið að hún hafi fyrst verið notuð til drykkjargerðar. Um miðja 17. öld barst kaffið síðan til Evrópu.

(1) . Líklega byrjuðu Íslendingar að drekka það um það leyti.

(2) . Eggert Ólafsson minnst á kaffi og kallar það „kolamylsnusup“ í *Búnaðarbálki* sínum um 1764. Eins og margt annað kom kaffið fyrst til Íslands frá Danmörku.

Fyrstu áratuginu eftir að kaffið barst til Íslands var kaffidrykkja ekki algeng og þekktist aðallega meða yfirstéttarfólks. (3) . Kaffi þótti þó enn býsna dýrt. Sumir drukku kaffi aðeins á sunnudögum og ýmsu var bætt út í kaffið til þess að spara baunirnar, þá einkum svonefndur kaffibætir. Kaffibætir var gerður úr síkoriúrót (*Chichorium intybus*) og var blandað saman við malað kaffi. Íslendingar kölluðu hann of *eksport* (útflutningur). (4) .

Árið 1760 voru flutt inn tæplega 20 kg af kaffi til Íslands, 1779 var innflutningurinn orðinn um 1.600 kg en árið 1994 voru flutt inn 1976 tonn af kaffi. Á síðasta ári (2011) voru 2.213,1 tonn af kaffi flutt inn til Íslands. Það kostaði 2.097,5 milljónir króna og var um 0,4% af heildarinnflutningi til Íslands.

(5) .

Kaffi var fyrst flutt til Íslands um miðja 18. öld.
Á þessum tölum sjáum við að kaffidrykkja Íslendinga hefur aukist mikið síðan kaffið var fyrst flutt til Íslands.
Um miðja 19. öld hafði kaffidrykkja náð almennri útbreiðslu á landinu.
Einhverjir höfðu samt eflaust smakkað það fyrr á ferðalögum erlendis.
Það orð stóð stórum stöfum á pökkunum sem fluttir voru inn frá Danmörku.
Þannig má sjá að kaffi var aldrei vinsælt á Íslandi.

Verkefni 4 – eyðufylling – orð úr fellilista

Lestu textann. Veldu rétta möguleika úr fellilistunum.

Skilaboð frá Veitum

Eftir einstaklega milt haust hefur nú heldur betur kólnað og því hefur álag á hitaveituna a) .
Sögulegt b) greindist hjá okkur í dag í heitavatsrennsli enda hafa aldrei fleiri íbúðir þarfnast hitunar í svo miklum kulda. Nú þegar höfum við gripið til ýmissa aðgerða til að mæta þessari stöðu.
 c) höfum við aukið dælugetu á Reynisvatnsheiði og erum í samstarfi við Orku náttúrunnar um að hækka hitastig á heitu vatni sem kemur frá virkjunum þeirra.
Veitur íhuga nú d) loka þurfi nokkrum sundlaugum á höfuðborgarsvæðinu á næstu dögum þar sem spáð er áframhaldandi kulda í næstu viku. Ef til þess kemur yrði það einungis í nokkra daga á meðan álagið er mest. Þetta er gert til að létta á flutningi vatns og einnig til að minnka álag.
Þær sundlaugar sem verið er að skoða að loka vegna áskorana í flutningskerfum eru Sundhöll Reykjavíkur, Vesturbæjarlaug, Dalslaug, Suðurbæjarlaug og Ásvallalaug. Við höldum áfram að meta stöðuna og munum upplýsa um lokanir ef til e) kemur.
Við hvetjum fólk f) að fara vel með varmann, opna ekki gluggann til kælinga og athuga með þéttingar á gluggum og hurðum. Einnig er ráð að tryggja að hitakerfið g) að virka rétt og láta ekki renna í heita pottinn á h) köldustu dögnum.

a)	
aukist	☐
stækkað	☐
lagast	☐
minnkað	☐

b)	
hámark	☐
markmið	☐
takmark	☐
notkun	☐

c)	
Meðal annars	☐
Aftur á móti	☐
Annars vegar	☐
Þess vegna	☐

d)	
sem	☐
hvort	☐
ef	☐
að	☐

e)	
hennar	☐
þeirra	☐
því	☐
hans	☐

f)	
frá	☐
um	☐
á	☐
til	☐

g)	
sé	☐
er	☐
gæti	☐
væri	☐

h)	
helst	☐
mjög	☐
miklu	☐
allra	☐